

**Nd.**

**272. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

a. B-liður 1. gr. laga nr. 44 19. júní 1933 hljóði svo:

Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

b. Á undan tölunni „5000“ í c-lið sömu lagagreinar komi orðin: ekki færri en.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.